
Skeljungur: Ársuppgjör 2020

HAGNAÐUR 791 MILLJÓN KRÓNA Á ÁRINU 2020

Rekstur í Færeyjum gekk mjög vel en krefjandi aðstæður á Íslandi.

Helstu lykiltölur og niðurstöður fjórða ársfjórðungs 2020 (4F 2020)

- Framlegð nam 2.181 m.kr. og hækkaði um 6,6% frá fjórða ársfjórðungi 2019 (4F 2019)
- EBITDA nam 391 m.kr. og lækkaði um 23,6% frá 4F 2019
- EBITDA/framlegð var 18,0% miðað við 25,0% á 4F 2019
- Hagnaður eftir skatta nam 48 m.kr. samanborið við 77 m.kr. á 4F 2019
- Heildartap nam 57 m.kr. samanborið við 103 m.kr. heildarhagnað á 4F 2019
- Hagnaður á hlut var 0,02 krónur í samanburði við 0,03 krónur á 4F 2019
- Handbært fé frá rekstri nam -49 m.kr. samanborið við 1.285 m.kr. á 4F 2019
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.921 m.kr. og eiginfjárlutfall var 38,9%

Helstu lykiltölur og niðurstöður ársins 2020

- Framlegð nam 9.454 m.kr. og hækkaði um 8,6% frá árinu 2019
- EBITDA nam 2.676 m.kr. og lækkaði um 21,8% frá 2019
- EBITDA/framlegð var 28,3% miðað við 39,3% 2019
- Hagnaður eftir skatta nam 791 m.kr. samanborið við 1.409 m.kr. 2019
- Heildarhagnaður nam 1.060 m.kr. samanborið við 1.475 m.kr. 2019
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 8,1% samanborið við 15% 2019
- Hagnaður á hlut var 0,39 krónur í samanburði við 0,68 krónur 2019
- Keypt voru eigin bréf fyrir 384 m.kr. á árinu og greiddur arður að fjárhæð 600 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri nam 1.812 m.kr. samanborið við 4.573 m.kr. 2019
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.921 m.kr. og eiginfjárlutfall var 38,9%
- Basko ehf. er hluti af samstæðu 2020 en var einungis einn mánuð inni í samstæðu 2019, sem skeldir samanburð við fyrra ár

Stjórn og forstjóri Skeljungs samþykktu í dag ársreikning samstæðunnar vegna ársins 2020. EBITDA ársins nam 2.676 m.kr. og hagnaður ársins nam 791 m.kr.

Á fundi sínum í dag ákvað stjórn félagsins að leggja fram á aðalfundi sínum þann 4. mars 2021 tillögu um 350 m.kr. arðgreiðslu, sem nemur 0,18 krónum á hlut.

Horfur fyrir árið 2021

Félagið áætlað að EBITDA ársins 2021 verði á bilinu 3.000-3.400 m.kr. og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum verði á bilinu 750-850 m.kr.

Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Gert er ráð fyrir að tekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi verði óverulegar fram á mitt ár. Bent er á að við umreikning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 20,7.

Tölulegur samanburður milli ára

Í milljónum króna	2020 4F	2019 4F	Δ		2020	2019	Δ
Framlegð	2.181	2.046	6,6%		9.454	8.703	8,6%
EBITDA	391	512	-23,6%		2.676	3.422	-21,8%
EBIT	58	213	-72,6%		1.369	2.329	-41,2%
Hagnaður tímabils	48	77	-38,2%		791	1.409	-43,8%
Heildar (-tap) hagnaður tímabils	-57	103			1.060	1.475	-28,1%

Hlutföll							
EBITDA hlutfall	18,0%	25,0%			28,3%	39,3%	
EBIT hlutfall	2,7%	10,4%			14,5%	26,8%	
Launakostn. / framlegð	-49,2%	-42,1%			-42,8%	-32,0%	
Sölu- og dreifingarkostn. / framlegð	-29,1%	-29,1%			-25,5%	-24,8%	
Rekstrarkostnaður / framlegð	-87,2%	-79,0%			-75,1%	-63,5%	
Arðsemi eiginfjár (ársgrundvelli)					8,1%	15,0%	

Árið 2020 í hnotskurn

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Skeljungs:

„Skeljungur stóð frammi fyrir miklum áskorunum á árinu 2020 vegna COVID-19 þar sem áhrifanna gætti mjög víða í starfsemi félagsins, einkum á Íslandi. Umferð á Íslandi dróst mikið saman á liðnu ári, erlendum ferðamönnum og skemmtiferðaskipum fækkaði. Millilandaflug lá að mestu leyti niðri. Þrátt fyrir miklar áskoranir og minni umsvif í hagkerfinu ferðuðust Íslendingar mikið um Ísland á liðnu sumri og mikill kraftur einkenndi margvíslega starfsemi hjá viðskiptavinum okkar s.s. í verktakastarfsemi, landbúnaði og sjávarútvegi. Farið var í ýmsar hagræðingaraðgerðir á árinu sem eru byrjaðar að skila sér í rekstri félagsins.

Rekstur okkar í Færeyjum var mjög góður á árinu 2020. Stoðirnar í færeysku efnahagslífi eru sterkar og kemur það sér vel fyrir rekstur okkar þar. Gengisveiking íslensku krónunnar gagnvart dönsku krónunni kom samstæðunni til góða í rekstrinum og horfur fyrir árið 2021 eru góðar.

Afkoma ársins litaðist af framangreindum þáttum og í ljósi þess erum við sátta við hvernig til tókst í rekstri samstæðunnar. Samstillt átak starfsfólks okkar, nýjar vinnuaðstæður hjá hluta starfsfólksins og breytingar á umhverfi viðskiptavina okkar voru þess eðlis að félagið þurfti að aðlagja sig að gjörbreyttum veruleika sem ekkert okkar hefur tekist á við áður. Þakklæti til starfsfólks okkar er mér efst í huga.

Það aðlagðist nýjum og erfiðum kringumstæðum á þann hátt að starfsemi okkar gekk hnökralaust fyrir sig.

Við gengum frá nýjum samningi við Costco um sölu á eldsneyti til næstu tveggja ára. Skeljungur hefur séð um eldsneytissölu til Costco frá upphafi og staðfestir samningurinn það góða og trausta samstarf sem ríkir á milli félaganna.

Undir lok árs keypti Skeljungur allt hlutafé Port I sem á og rekur Dæluna og Löður. Kaupin voru gerð með það að markmiði að auka við þjónustuframboð til viðskiptavina. Kaupin eru til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Á árinu var haldið áfram að styrkja góða stjórnarhætti. Markmið okkar er meðal annars að þróa og skerpa á mælanlegum viðmiðum okkar í stefnumörkun félagsins, meðal annars með því að draga úr neikvæðum áhrifum og auka jákvæð áhrif félagsins á hagaðila þess. Þá er félagið með metnaðarfull markmið varðandi umhverfismál og hefur síðan 2018 kolefnisjafnað allan rekstur sinn.

Árið 2021 mun færa okkur nýjar áskoranir sem við erum í stakk búin til að takast á við. Áherslur okkar munu beinast að því að hagræða í rekstri, einfalda skipulag, skerpa á tekjueiningum og halda áfram að nýta tækifæri til sóknar.“

Helstu tíðindi og áfangar á árinu 2020:

- Skeljungur kolefnisjafnaði allan rekstur sinn á Íslandi á árinu 2020 og hefur skuldbundið sig til þess að gera slíkt hið sama árið 2021
- Þjónustustöðvar Orkunnar voru teknar í gegn með svokallaðri „bleikvæðingu“
- Skeljungur festi kaup á öllu hlutafé í Port I ehf., með kaupunum eignaðist Skeljungur Dæluna ehf. og Löður ehf.
- Skeljungur festi kaup á hlut í Brauð & Co. ehf., Gló veitingum ehf. og Lyfsalanum ehf.
- Skeljungur opnaði vetnisstöðvar á ný og rafhleðslustöðvum var fjölgað
- Á árinu fékk Skeljungur gæðastjórnunarkerfi fjögurra rekstrareininga vottuð út frá ISO 9001 staðlinum. Rekstrareiningar sem fengu vottunina eru eldsneytisdreifing í Vestmannaeyjum, Akureyri, Eskifirði og Ísafirði. Olíubirgðastöðin í Örfirisey fékk vottunina 2019 og hlaut endurvottun í desember 2020.
- Skeljungur fékk jafnlaunavottun á árinu, eins og á fyrri árum, og var óútskýrður launamunur kynjanna 0,7% sem var vel undir markmiði Skeljungs fyrir árið 2020.
- Skeljungur setti sér það markmið að fá starfsemi sína vottaða út frá alþjóðlega umhverfisstaðlinum ISO 14001 árið 2020. Markmiðið náðist og hafa fimm rekstrareiningar nú verið vottaðar út frá staðlinum

Kynningarfundur

Rafrænn kynningarfundur vegna ársuppgjörs félagsins verður haldinn þann 5. febrúar kl. 8:30 þar sem Árni Pétur Jónsson, forstjóri, og Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjörið og helstu þætti úr rekstrinum.

Hægt verður að nálgast streymið hér: <http://www.skeljungur.is/fjarfestakynning>

Markaðsaðilar geta sent inn spurningar á fjarfestar@skeljungur.is og verðum þeim svarað eftir kynninguna þann 5. febrúar nk.

Kynningin er meðfylgjandi, auk þess sem kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu Skeljungs, <https://www.skeljungur.is/fyrir-fjarfesta>.

Ársreikningur 2020

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr ársreikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 4. febrúar 2021.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Ársreikningurinn er endurskoðaður af KPMG hf. og er áritun á ársreikninginn án fyrirvara.

Nánari upplýsingar má finna í ársreikningi sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

Fjárhagsdagatal 2021

Aðalfundur 2021: 4. mars 2021

Uppgjör 1. ársfjórðungs 2021: 29. apríl 2021

Uppgjör 2. ársfjórðungs 2021: 11. ágúst 2021

Uppgjör 3. ársfjórðungs 2021: 28. október 2021

Uppgjör 4. ársfjórðungs 2021 og ársuppgjör 2021: 3. febrúar 2022

Aðalfundur 2022: 3. mars 2022

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

* * *

Nánari upplýsingar veitir Árni Pétur Jónsson, forstjóri, fjarfestar@skeljungur.is.

www.skeljungur.is

<https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/>